

## Hagnaður 526 milljónir króna á 4. ársfjórðungi 2020

### Helstu niðurstöður

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu í 4F 2020 var 5.288 m.kr. samanborið við 5.273 m.kr. í 4F 2019, sem samsvarar 0,3% hækkun milli ára.
- EBITDA nam 1.746 m.kr. á 4F 2020 samanborið við 1.766 m.kr. 4F 2019, sem jafngildir 1,1% lækkun.
- Áhrifa COVID-19 samkomutakmarkana sem komu til á 4F 2020 höfðu umtalsverð áhrif á reksturinn.
- Framlegð af vörusölu var 22,8% á 4F 2020 en framlegðin var 24,8% á 4F 2019
- Framlegð af vörusölu á árinu var 24% samanborið við 23,8% árið 2019
- Kostnaður vegna COVID19 var 153 m.kr. á 4F 2020 og 394 m.kr. á árinu 2020.
- Eigið fé í lok árs 2020 var 29.784 m.kr. og eiginfjárlutfall 35,7% samanborið við 35,3% í lok árs 2019.
- Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga var 29.986 m.kr. í lok 2020 samanborið við 28.011 m.kr. í lok 2019.

| Milljónir króna                                  | 4F 2020 | 4F 2019 | Breyt. | % Breyt. | 2020   | 2019   | Breyt. | % Breyt. |
|--------------------------------------------------|---------|---------|--------|----------|--------|--------|--------|----------|
| <b>Rekstrarreikningur</b>                        |         |         |        |          |        |        |        |          |
| Vöru- og þjónustusala                            | 23.222  | 21.279  | 1.943  | 9,1%     | 86.260 | 84.991 | 1.268  | 1,5%     |
| Framlegð af vöru- og þjónustusölu                | 5.288   | 5.273   | 15     | 0,3%     | 20.684 | 20.196 | 488    | 2,4%     |
| Aðrar rekstrartekjur                             | 708     | 428     | 280    | 65,5%    | 1.658  | 1.851  | -193   | -10,4%   |
| EBITDA                                           | 1.746   | 1.766   | -20    | -1,1%    | 7.057  | 7.605  | -549   | -7,2%    |
| EBIT                                             | 1.135   | 1.301   | -165   | -12,7%   | 4.429  | 5.198  | -770   | -14,8%   |
| EBT                                              | 642     | 840     | -198   | -23,5%   | 2.778  | 3.371  | -593   | -17,6%   |
| Hagnaður tímabilsins                             | 526     | 715     | -189   | -26,4%   | 2.266  | 2.796  | -529   | -18,9%   |
| <b>Efnahagsreikningur</b>                        |         |         |        |          |        |        |        |          |
| Birgðir                                          |         |         |        |          | 7.668  | 7.678  | -10    | -0,1%    |
| Viðskiptakröfur                                  |         |         |        |          | 4.924  | 3.756  | 1.167  | 31,1%    |
| Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga       |         |         |        |          | 32.549 | 33.380 | -832   | -2,5%    |
| Handbært fé                                      |         |         |        |          | 2.563  | 5.369  | -2.806 | -52,3%   |
| Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga |         |         |        |          | 29.986 | 28.011 | 1.974  | 7,0%     |
| <b>Sjóðstreymi</b>                               |         |         |        |          |        |        |        |          |
| Handbært fé frá rekstri                          | 18      | 1.279   | -1.261 | -98,6%   | 4.387  | 5.556  | -1.170 | -21,1%   |
| Fjárfestingarhreyfingar                          | -979    | -865    | -113   | 13,1%    | -3.414 | 478    | -3.891 | -814,6%  |
| Fjármögnunarhreyfingar                           | -1.455  | -1.888  | 433    | -22,9%   | -3.800 | -4.961 | 1.161  | -23,4%   |
| Handbært fé í lok tímabils                       | 2.563   | 5.369   | -2.806 | -52,3%   | 2.563  | 5.369  | -2.806 | -52,3%   |
| <b>Lykiltölur</b>                                |         |         |        |          |        |        |        |          |
| Framlegð af vörusölu                             | 22,8%   | 24,8%   | -2,0%  | -8,1%    | 24,0%  | 23,8%  | 0,2%   | 0,9%     |
| EBITDA/framlegð                                  | 33,0%   | 33,5%   | -0,5%  | -1,4%    | 34,1%  | 37,7%  | -3,5%  | -9,4%    |
| Eiginfjárlutfall                                 |         |         |        |          | 35,7%  | 35,3%  | 0,4%   | 1,2%     |
| Laun/framlegð                                    | 55,5%   | 51,3%   | 4,2%   | 8,2%     | 50,9%  | 49,3%  | 1,6%   | 3,2%     |
| Arðsemi eigin fjár                               |         |         |        |          | 7,8%   | 10,2%  | -2,4%  | -24,0%   |
| Fjárfestingar                                    | 1.258   | 761     | 497    | 65,2%    | 3.842  | 2.258  | 1.585  | 70,2%    |
| Veltuhraði birgða                                | 8,8     | 8,6     | 0      | 2,3%     | 8,6    | 8,6    | 0      | 0,0%     |

## Rekstur fjórða ársfjórðungs

Rekstur félagsins á fjórða ársfjórðungi gekk ágætlega þrátt fyrir umtalsverð áhrif COVID-19 heimsfaraldursins á fjórðunginn. EBITDA félagsins var 1.746 m. kr. og lækkaði um 1,1% milli ára. Samkomutakmarkanir stjórnvalda í tengslum við COVID-19 faraldurinn hafði töluverð efnahagsleg áhrif á rekstur allra félaga samstæðunnar en ólík starfssemi þeirra dró úr heildaráhrifunum á rekstur félagsins. Rekstur ELKO var umfram væntingar en rekstur N1 og Krónunnar lítillega undir væntingum vegna áhrifa COVID-19 og kostnaði honum tengdum. Heildarniðurstaðan er að EBITDA er 2% undir EBITDA spá sem var birt í 4. nóvember 2020.

## Tekjur

- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 23.222 m.kr. í 4F 2020 samanborið við 21.279 m.kr. í 4F 2019, sem samsvarar 9,1% hækkun.
- Fjölbreytt viðskiptamódel. Aukning í dagvöru- og raftækjasölu.
- Mikil aukning í Snjallverslun Krónunnar og vefverslun ELKO.
- Flokkun tiltekinna rekstrartekna og rekstrargjalda fyrir árið 2019 hefur verið breytt til að samræma flokkun innan samstæðunnar

| Milljónir króna                      | 4F 2020       | 4F 2019       | Breyt.       | % Breyt.     | 2020          | 2019          | Breyt.       | % Breyt.      |
|--------------------------------------|---------------|---------------|--------------|--------------|---------------|---------------|--------------|---------------|
| <b>Vöru- og þjónustusala</b>         |               |               |              |              |               |               |              |               |
| Dagvörur                             | 12.996        | 10.156        | 2.840        | 28,0%        | 47.680        | 41.205        | 6.475        | 15,7%         |
| Eldsneyti og rafmagn                 | 3.998         | 5.789         | -1.790       | -30,9%       | 18.639        | 26.085        | -7.446       | -28,5%        |
| Raftæki                              | 4.091         | 3.291         | 800          | 24,3%        | 12.941        | 10.911        | 2.030        | 18,6%         |
| Aðrar vörur og þjónusta              | 2.137         | 2.044         | 93           | 4,6%         | 7.000         | 6.790         | 210          | 3,1%          |
| <b>Samtals vöru- og þjónustusala</b> | <b>23.222</b> | <b>21.279</b> | <b>1.943</b> | <b>9,1%</b>  | <b>86.260</b> | <b>84.991</b> | <b>1.268</b> | <b>1,5%</b>   |
| <b>Aðrar rekstrartekjur</b>          | <b>708</b>    | <b>428</b>    | <b>280</b>   | <b>65,5%</b> | <b>1.658</b>  | <b>1.851</b>  | <b>-193</b>  | <b>-10,4%</b> |
| <b>Tekjur samtals</b>                | <b>23.929</b> | <b>21.707</b> | <b>2.222</b> | <b>10,2%</b> | <b>87.918</b> | <b>86.842</b> | <b>1.076</b> | <b>1,2%</b>   |

Á fjórðungnum hækkðu tekjur af dagvörusölu 28,0% og tekjur af raftækjasölu um 24,3% milli ára. Tekjur af eldsneyti og rafmagni lækkuðu um 30,9% en selt magn bifreiðaeldsneytis lækkaði um 24%. Lægri tekjur af sölu eldsneytis skýrist einnig að lægra eldsneytisverði á heimsmarkaði sem lækkaði um 35,2% að meðaltali milli ára. Tekjur af öðrum vörum og þjónustu hækkðu um 4,6% milli ára.

| Milljónir króna                                  | 4F 2020      | 4F 2019      | Breyt.    | % Breyt.    | 2020          | 2019          | Breyt.     | % Breyt.    |
|--------------------------------------------------|--------------|--------------|-----------|-------------|---------------|---------------|------------|-------------|
| <b>Framlegð af vöru- og þjónustusölu</b>         |              |              |           |             |               |               |            |             |
| Dagvörur                                         | 2.516        | 2.265        | 251       | 11,1%       | 10.616        | 9.727         | 889        | 9,1%        |
| Eldsneyti og rafmagn                             | 795          | 1.311        | -516      | -39,4%      | 3.997         | 5.249         | -1.252     | -23,9%      |
| Raftæki                                          | 943          | 845          | 99        | 11,7%       | 3.141         | 2.561         | 580        | 22,7%       |
| Aðrar vörur og þjónusta                          | 1.034        | 852          | 182       | 21,4%       | 2.930         | 2.659         | 272        | 10,2%       |
| <b>Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu</b> | <b>5.288</b> | <b>5.273</b> | <b>15</b> | <b>0,3%</b> | <b>20.684</b> | <b>20.196</b> | <b>488</b> | <b>2,4%</b> |

Framlegð af vöru- og þjónustusölu var 5.288 m.kr. samanborið við 5.273 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2019, sem er 0,3% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu var 2.516 m.kr. sem er 11,1% aukning á milli ára. Framlegð af raftækjasölu var 943 m.kr. sem er 11,7% aukning og framlegð annarra vara og þjónustu var 1.034 m.kr. sem er

## 24. febrúar 2021 – Afkomutillkynning Festi hf. á 4. ársfjórðungi 2020

aukning um 21,4% milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni var 795 m.kr. sem er um 39,4% lækkun á milli ára.

Flokkun tiltekinna rekstrartekna og rekstrargjalda hefur verið breytt til að samræma flokkun milli félaganna í samstæðunni. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við nýja flokkun en breytingin hefur engin áhrif á afkomu samstæðunnar, eignir, skuldir, eigið fé eða sjóðsstreymi.

### Rekstrarkostnaður

- Rekstrarkostnaður í 4F 2020 var 4.249 m.kr. samanborið við 3.934 m.kr. á 4F 2019.
- Aukinn kostnaður vegna COVID-19 áhrifa var 152 m.kr. í 4F 2020.

| Milljónir króna                        | 4F 2020      | 4F 2019      | Breyt.     | % Breyt.    | 2020          | 2019          | Breyt.     | % Breyt.    |
|----------------------------------------|--------------|--------------|------------|-------------|---------------|---------------|------------|-------------|
| <b>Rekstrarkostnaður</b>               |              |              |            |             |               |               |            |             |
| Laun og annar starfsmannakostnaður     | 2.933        | 2.703        | 230        | 8,5%        | 10.521        | 9.953         | 568        | 5,7%        |
| <b>Annar Rekstrarkostnaður</b>         |              |              |            |             |               |               |            |             |
| Rekstarkostnaður fasteigna             | 369          | 301          | 68         | 22,4%       | 1.530         | 1.538         | -7         | -0,5%       |
| Viðhaldskostnaður                      | 164          | 109          | 55         | 50,6%       | 672           | 579           | 93         | 16,1%       |
| Sölu og markaðskostnaður               | 441          | 425          | 16         | 3,7%        | 991           | 994           | -3         | -0,4%       |
| Skrifstofu og stjórnarkostnaður        | 123          | 75           | 48         | 64,0%       | 477           | 460           | 17         | 3,7%        |
| Samskiptakostnaður                     | 204          | 223          | -19        | -8,7%       | 653           | 593           | 60         | 10,1%       |
| Vátrygginga og tjónakostnaður          | 64           | 25           | 39         | 153,9%      | 154           | 83            | 71         | 86,1%       |
| Annar kostnaður                        | -55          | 59           | -115       | -193,8%     | 270           | 172           | 98         | 57,3%       |
| Kostnaður við kaup á Hlekk ehf.        | 7            | 12           | -6         | -45,9%      | 18            | 71            | -52        | -73,9%      |
| <b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b> | <b>1.317</b> | <b>1.231</b> | <b>85</b>  | <b>6,9%</b> | <b>4.765</b>  | <b>4.489</b>  | <b>276</b> | <b>6,2%</b> |
| <b>Samtals Rekstrarkostnaður</b>       | <b>4.249</b> | <b>3.934</b> | <b>315</b> | <b>8,0%</b> | <b>15.286</b> | <b>14.441</b> | <b>844</b> | <b>5,8%</b> |

Laun og annar starfsmannakostnaður í 4F 2020 var 2.933 m.kr. samanborið við 2.703 m.kr. á 4F 2019 sem er 8,5% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda var 1.180 sem er fjölgun um 92 milli ára sem skýrist af 2 nýjum verslunum Krónunnar og nýrri verslun ELKO á Akureyri. Þá er einnig viðbótarmönnun í verslunum vegna COVID-19 en kostnaðurinn nam 107 m.kr. á fjórðungnum. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun starfsmannakostnaðar í m. kr. milli ára:

|                                             |              |
|---------------------------------------------|--------------|
| <b>Starfsmannakostnaður samtals 4F 2019</b> | <b>2.703</b> |
| Stöðugildi - breyting                       | 68           |
| Samningsbundnar launahækkunir               | 64           |
| Orlofsskuldbinding                          | -16          |
| COVID-19 áhrif                              | 107          |
| Annað                                       | 7            |
| <b>Starfsmannakostnaður samtals 4F 2020</b> | <b>2.933</b> |

Annar rekstarkostnaður var 1.317 m.kr. samanborið við 1.231 m.kr. á 4F 2019, sem er hækkun um 6,9% milli ára. Innfalinn er kostnaður vegna COVID-19 áhrifa í þeim kostnaði er um 45 m.kr.

**24. febrúar 2021 – Afkomutilkynning Festi hf. á 4. ársfjórðungi 2020**
**Fjármagnsliðir**

- Nettó fjármagnskostnaður var 493 m.kr. á 4F 2020 samanborið við 461 m.kr. á 4F 2019.
- Greiddir vextir á árinu voru 1.340 m.kr. samanborið við 1.864 m.kr. á árinu 2019 sem er 28% lækkun á milli ára vegna lægra vaxtastigs.

| Milljónir króna                   | 4F 2020     | 4F 2019     | Breyt.     | % Breyt.    | 2020          | 2019          | Breyt.     | % Breyt.     |
|-----------------------------------|-------------|-------------|------------|-------------|---------------|---------------|------------|--------------|
| Fjármagnstekjur                   | 24          | 94          | -70        | -74,1%      | 102           | 173           | -71        | -41,1%       |
| Fjármagnsgjöld                    | -468        | -546        | -78        | -14,2%      | -2.044        | -2.353        | -309       | -13,1%       |
| Gengismunur                       | -80         | -51         | -29        | 56,9%       | 23            | 27            | -4         | -14,6%       |
| Áhrif hlutdeildarféлага           | 30          | 101         | -71        | -70,4%      | 268           | 385           | -117       | -30,4%       |
| Tap af sölu eignarhluta í félögum | 0           | -60         | 60         | 0,0%        | 0             | -60           | 60         | 0,0%         |
| <b>Samtals</b>                    | <b>-493</b> | <b>-461</b> | <b>-32</b> | <b>7,0%</b> | <b>-1.651</b> | <b>-1.828</b> | <b>177</b> | <b>-9,7%</b> |

**Efnahagur og fjárhagsleg staða**

- Samtals eignir voru 83.365 milljónir króna í lok 4F 2020
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 35,7%
- Handbært fé í lok árs 2020 var 2.563 m.kr.

| Milljónir króna                                  | 31.12.2020 | 31.12.2019 | Breyt. | % Breyt. |
|--------------------------------------------------|------------|------------|--------|----------|
| Viðskiptavild                                    | 14.668     | 14.070     | 598    | 4,2%     |
| Aðrar óefnislegar eignir                         | 4.971      | 4.650      | 321    | 6,9%     |
| Rekstrarfjármunir                                | 32.297     | 31.434     | 864    | 2,7%     |
| Leigueignir                                      | 5.420      | 3.862      | 1.557  | 40,3%    |
| Fjárfestingarfasteignir                          | 7.467      | 7.354      | 113    | 1,5%     |
| Birgðir                                          | 7.668      | 7.678      | -10    | -0,1%    |
| Viðskiptakröfur                                  | 4.924      | 3.756      | 1.167  | 31,1%    |
| Handbært fé                                      | 2.563      | 5.369      | -2.806 | -52,3%   |
| Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga       | 32.549     | 33.380     | -832   | -2,5%    |
| Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga | 29.986     | 28.011     | 1.974  | 7,0%     |
| Nettó vaxtaberandi skuldir                       | 35.596     | 31.975     | 3.621  | 11,3%    |
| Eignfjárhlutfall                                 | 35,7%      | 35,3%      | 0%     | 1,2%     |
| Veltuhraði vörubirgða                            | 8,3        | 8,6        | -0,3   | -3,5%    |

Viðskiptavild er 14.668 m.kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.971 m.kr. í lok 4F 2020. Rekstrarfjármunir eru 32.297 m.kr. og fjárfestingarfasteignir 7.467 m.kr. í lok fjórðungs. Viðskiptakröfur aukast um 1.167 m. kr. vegna nýs samnings um uppgjör greiðslukortakrafna.

## 24. febrúar 2021 – Afkomutillkynning Festi hf. á 4. ársfjórðungi 2020

Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga voru samtals 29.986 milljónir króna sem er hækkun um 1.974 m.kr. frá áramótum sem skýrist af breytingu á samningi við færsluhirði. Eiginfjárlutfall félagsins var 35,7% í lok 4F 2020 samanborið við 35,3% í lok árs 2019. Lausafjárstaða félagsins er sterk og efnahagsreikningur félagsins einnig.

### Sjóðstreymi og fjárfestingar

- Handbært fé frá rekstri á 4F 2020 var 18 m.kr. samanborið við 1.279 m.kr. á 4F 2019.
- Fjárfestingar félagsins á tímabilinu voru samtals 1.258 m.kr.

| Milljónir króna                      | 4F 2020       | 4F 2019       | Breyt.        | % Breyt.      | 2020          | 2019         | Breyt.        | % Breyt.       |
|--------------------------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|--------------|---------------|----------------|
| <b>Sjóðstreymi</b>                   |               |               |               |               |               |              |               |                |
| <b>Handbært fé í byrjun tímabils</b> | <b>4.991</b>  | <b>6.839</b>  | <b>-1.848</b> | <b>-27,0%</b> | <b>5.369</b>  | <b>4.267</b> | <b>1.102</b>  | <b>25,8%</b>   |
| Handbært fé frá rekstri              | 18            | 1.279         | -1.261        | -98,6%        | 4.387         | 5.556        | -1.170        | -21,1%         |
| Fjárfestingarhreyfingar              | -979          | -865          | -113          | 13,1%         | -3.414        | 478          | -3.891        | -814,6%        |
| Fjármögnunarhreyfingar               | -1.455        | -1.888        | 433           | -22,9%        | -3.800        | -4.961       | 1.161         | -23,4%         |
| Gengismunur af handbæru fé           | -12           | 4             | -17           | -378,9%       | 21            | 29           | -8            | -26,3%         |
| <b>Breyting á handbæru fé</b>        | <b>-2.428</b> | <b>-1.470</b> | <b>-958</b>   | <b>65,1%</b>  | <b>-2.806</b> | <b>1.102</b> | <b>-3.908</b> | <b>-354,7%</b> |
| <b>Handbært fé í lok tímabils</b>    | <b>2.563</b>  | <b>5.369</b>  | <b>-2.806</b> | <b>-52,3%</b> | <b>2.563</b>  | <b>5.369</b> | <b>-2.806</b> | <b>-52,3%</b>  |

Handbært fé frá rekstri á 4F 2020 nam 18 m.kr. sem er lækkun um 1.261 m. kr. milli ára. Viðskiptakröfur jukust vegna breytinga á samning við færsluhirði til lækkunar á kostnaði, það hefur einskiptis neikvæð áhrif á þennan lið um rúmlega 1.100 m. kr. Fjárfestingar námu 1.258 m. kr. sem er aukning um 497 m. kr. milli ára. Krónan opnaði nýja verslun í Austurveri í Reykjavík og Norðurhelli Hafnarfirði sem og ný verslun ELKO á Akureyri á 4F 2020. Gert er ráð fyrir talsvert minni fjárfestingu á árinu 2021. Handbært fé lækkaði um 2.428 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2020.

### Horfur í rekstri Festi hf. og EBITDA spá 2021

EBITDA spá Festi fyrir árið 2021 er áætluð á bilinu 7.500 – 7.900 m.kr.

Eftirfarandi þættir geta haft áhrif á rekstur félagsins

- Óvissa vegna áhrifa COVID-19 og yfirstandandi samkomubanns.
- Órói á heimsmarkaðsverði eldsneytis og gengi ISK.
- Aukið atvinnuleysi og lægri hagvöxtur.
- Íslenska hagkerfið mun verða fyrir áhrifum næstkomandi mánuði/ár.

Eiginfjárlutfall félagsins er 35,7% í lok fjórðungsins og félagið hefur sterka fjárhagsstöðu. Horfur í rekstrinum eru góðar og félagið er í vel stakk búið til að takast á við verkefnin framundan.

## 24. febrúar 2021 – Afkomutilkynning Festi hf. á 4. ársfjórðungi 2020

### Hluthafar

---

- Markaðsvirði félagsins í lok 4F 2020 nam 57,4 milljörðum króna.
- Endurkaupaáætlun fór af stað 5. október þar sem ákveðið var að kaupa allt að 1,2% af hlutafé
- Gert er ráð fyrir að fjárfestingar verði 2.800 m.kr. á árinu 2021 samanborið við 3.842 m.kr. árið 2020
- Hluthafar félagsins voru 880 í lok 4F 2020.

### Kynningarfundur fimmtudaginn 25. febrúar 2021

---

Kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 25. febrúar 2021 og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað vegna samkomubanns. Fundurinn hefst kl. 08:30 og er skráning á fundinn á

[https://origo.zoom.us/webinar/register/WN\\_bexqgMsuQ2iimGAX\\_RURyw](https://origo.zoom.us/webinar/register/WN_bexqgMsuQ2iimGAX_RURyw)

Eggert Kristófersson forstjóri Festi mun kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://festi.is/r/fjarhagsupplysingar>

### Fjárhagsdagatal

- Aðalfundur 2021: 22. mars 2021
- Árshlutauppgjör 1F 2021: 28. apríl 2021
- Árshlutauppgjör 2F 2021: 28. júlí 2021
- Árshlutauppgjör 3F 2021: 28. október 2021
- Ársuppgjör 4F 2021: 4. febrúar 2022
- Aðalfundur 2022: 22. mars 2022

Nánari upplýsingar veita Eggert Þór Kristófersson forstjóri ([eggert@festi.is](mailto:eggert@festi.is)) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs ([mki@festi.is](mailto:mki@festi.is)).